

hefði í hyggju að hverfa aftur til dvalarlandsins, svo og hvort hann í fjarveru 77
sinni hefði haldið sambandi við dvalarlandið og í hve ríki mæli.

20. júní

Sömu sjónarmiðum skal beitt, er meta skal fjarvist manns vegna farmennsku á erlendum skipum eða vegna herskyldu í heimalandinu.

Farmennska á skipum dvalarlands telst ekki fjarvera.

Þá skal og að því er varðar ákvæði 7. gr. lögskráning á íslenskt, danskt, finnskt, norskt eða sænskt skip jafngilda því, að maður flytjist til hlutaðeigandi lands, enda þótt lögskráning fari fram, meðan skipið hefur viðdvöl í öðru landi.

Loka-bókun þessi öðlast gildi um leið og ofangreindur samningur, og skal vera honum jafngild og taka til sama tíma og hann.

Loka-bókun þessa skal varðveita í skjalasafni sænska utanríkisráðuneytisins, sem senda skal staðfest eftirrit hverju hinna samningsríkjanna.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn hvers ríkis fyrir sig undirritað þessa loka-bókun.

Gert í Stokkhólmi í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, en að því er sænskuna snertir í tveim textum, öðrum fyrir Finnland, en hinum fyrir Svíþjóð, hinn 9. janúar 1951.

Helgi P. Briem.

AUGLÝSING

78

um aðild Íslands að Alþjóða-hveitisamningnum.

20. júní

Hinn 2. janúar 1951 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent aðildarskjal Íslands varðandi Alþjóða-hveitisamninginn (International Wheat Agreement), sem undirritaður var í Washington hinn 23. marz 1949.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 20. júní 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

79

um breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins.

25. júní

Hinn 22. maí 1951 gengu í gildi eftirfarandi breytingar á stofnskrá Evrópuráðsins:

23. gr. orðist þannig:

- a. Ráðgjafarþingið getur rætt og gert tillögur um öll þau mál, sem falla undir markmið og starfssvið Evrópuráðsins, eins og skilgreint er í I. kafla. Það skal einnig ræða og getur gert tillögur um hvert það mál, sem ráðherranefndin vísar til þess til umsagnar.
- b. Þingið skal semja dagskrá sína í samræmi við ákvæði stafliðs a. að framan.